

það, hvað lögin telji sjálfsmorð, og þar eð ég er því máli ekki kunnugur, þá langar mig til að biðja yður að lesa fyrir mér lagaákvæði um það efni."

"Einmitt það," svaraði lögmaðurinn kátbroselega. "Ég bið yður fyrirgefningar á því, að hafa tafið yður svona lengi. En svo stendur á, að ég hef áriðandi mál með höndum, sem krefur —"

"Einmitt það. Það er rétt gert af yður, herra Manton, að ljúka við starf yð-
ar," tók komumaður fram í. "Það gerir mér engin óþægindi, þó ég verði að bíða."

Lögmaðurinn tók stóra bók ofan úr skápnum sínum. "Þetta," sagði hann, "eru endrbættu lögin, og glæpurinn, sem þér getið um, er í hegningarbálkinum." Hann snéri blöðunum fljótlega. "Í hundrað og fertugustu greininni, undir yfirskriftinni 'Sjálfs-morð,' er þessi skýring." Hann las eftir-
fylgjandi kafla:

"Morð er ólöglegt líflát mannlegrar veru, með fyrirfram ásettu ráði, beinlínis eða óbeinlínis. Ólöglegt líflát getur orðið framið með því að eitra, berja, svelta, drekkja, stinga, skjóta, eða á hvern annan hátt, sem miðar til að lífláta manneskjuna.